

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 617/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 512 21. ágúst 1981.

Iðnaðarráðuneytið 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 22 24. janúar 1978, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 19,10 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b) Vatnsgjald kr. 79,10 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- a) Fastagjald, kr. 23,85 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 60,25 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils sem skiptist þannig:
Flutningagjald kr. 20,10

Heitt vatn kr. 40,15

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss

(utanmál) m³

Allt að 600 m³ kr. 15 692,00.

600— 2 000 m³ kr. 15 692,00 fyrir 600 m³ + kr. 9,75 pr. m³ þar yfir.

2 000— 6 000 m³ kr. 29 342,00 fyrir 2 000 m³ + kr. 8,45 pr. m³ þar yfir.

6 000—10 000 m³ kr. 63 142,00 fyrir 6 000 m³ + kr. 7,30 pr. m³ þar yfir.

Meira en 10 000 m³ kr. 92 342,00 fyrir 10 000 m³ + kr. 6,45 pr. m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 315,00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 78,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps nr. 428 14. ágúst 1980.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 8,00 fyrir hvern rúm-metra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " kr. 41,45

b) fyrir mæla 1" og stærri kr. 92,10